



Slurp

Útgáfa af handaflækju sem er jafnvel enn þá fyndari og stendur alveg fyrir sínu.

Yfirlit:

Þátttakendur soga sig fasta á hvorn annan með miklu slurpi.

Hvað þarftu:

8+ þátttakendur þó ekki fleiri en 20.

Hvað á að gera:

Þátttakendur standa í hring og leikurinn gengur út á að soga sig fastan við hina þátttakendurnar. Einn byrjar t.d. með því að setja höndina á bakið á öðrum þátttakanda. Það er gert með því að gefa frá sér hátt soghljóð (sluurrp) vegna þess að það er verið að sjúga sig fastan. Þá er komið að þeim sem sem var verið að sjúga sig fastan á og viðkomandi sýgur sig (með soghljóði auðvitað) fastan á einhvern annan og svo koll af kolli.

Nota skal hendur, fætur, höfuð o.s.frv. til að sjúga sig fastan við aðra (með slurp-hljóði). Markmiðið er að sjúga eins margar hendur, fætur, höfuð o.s.frv. fastar áður en hópurinn dettur. Þegar hópurinn dettur má reyna aftur og aftur og aftur.